48 X

# FRAMLEIÐSLA Í ÍSLENSKU FISKELDI
# ÁRIÐ 1993

Stefán Eiríkur Stefánsson

Reykjavík, mars 1994 VMST-R/94003

VEIÐIMÁLASTO...
Bókasafn

# SAMANTEKT

Á skrá hjá Veiðimálastofnun eru 75 fiskeldis- og hafbeitarstöðvar og hafði þeim fækkað um 1 á árinu 1993. Framleidd voru um 5.948 þús. gönguseiði á árinu 1993, þar af fóru 3.652 þús. gönguseiði í sleppingar í hafbeit en 2.296 þús. í áframeldi. Birgðir af lifandi laxi í áframeldi , voru í árslok 1993 1.796 tonn. Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar slátruðu 2.844,2 tonnum af laxi (óslægðum) á árinu 1993.

Af silungi voru framleidd 1.164 þús. gönguseiði. Framleiðsla af slátruðum silungi (óslægðum) á árinu 1993 var 566,3 tonn, mest var slátrað af bleikju eða 340,1 tonni, 221 tonnum af regnbogasilungi og 5,2 tonnum af urriða.

Verðmæti útfluttra fiskeldisafurða á árinu 1993 var 810,1 milljónir, en flutt voru út 2.251,4 tonn af laxi og silungi . Á innanlandsmarkað fóru u.þ.b. 400 tonn af laxi og silungi að verðmæti um 160 milljónir króna.

Störf í fiskeldi svöruðu til 174 mannára.

Á árinu 1994 er áætlað að framleidd verði 2.400 tonn af laxi til slátrunar í eldisstöðvum. Áætlað er að 550 tonn endurheimtist úr hafbeit og að slátrað verði um 580 tonnum af silungi. Heildarframleiðsla gönguseiða laxa er áætluð um 6.700 þús. seiði á árinu 1994. Af þeim fjölda er ráðgert að sleppa í hafbeit um 4,5 milljónum gönguseiða.

Framleiðsla af slátruðum eldisafurðum (óslægt) síðustu fimm árin, ásamt áætlaðri framleiðslu á árinu 1994.

| | 1989 | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | *Áætlun 1994* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hafbeit | 136 tonn | 280 tonn | 345 tonn | 460 tonn | 496 tonn | 553 tonn |
| Strand- og landeldi | 774 tonn | 1.739 tonn | 1.195 tonn | 1.413 tonn | 1.621 tonn | 1.650 tonn |
| Kvía-og fareldi | 706 tonn | 977 tonn | 1.490 tonn | 712 tonn | 727 tonn | 750 tonn |
| Regnbogas. | 150 tonn | 24 tonn | 65 tonn | 73 tonn | 221 tonn | 180 tonn |
| Bleikja | 10 tonn | 69 tonn | 217 tonn | 321 tonn | 340 tonn | 370 tonn |
| Urriði | 37 tonn | 20 tonn | 25 tonn | 5 tonn | 5 tonn | 30 tonn |
| Samtals | 1.813 tonn | 3.109 tonn | 3.337 tonn | 2.984 tonn | 3.410 tonn | 3.533 tonn |

Efnisyfirlit

bls.

1. Inngangur....1
2. Fiskeldis- og hafbeitarstöðvar....1
3. Framleiðslan 1993....2
3.1 Laxeldi....2
3.2 Silungseldi....4
3.3 Mælikvarði á framleiðni í áframeldi laxa 1993....5
4. Annað eldi....5
5. Atvinnutækifæri í fiskeldi....6
6. Útflutnings- og innanlandssala á eldisafurðum....6
7. Birgðir af lifandi fiski....8
8. Heildarframleiðsla fiskeldisstöðva árið 1993 og
áætluð framleiðsla af sláturfiski á árinu 1994....9
Viðaukar.

## 1. INNGANGUR

Í þessu upplýsingariti Veiðimálastofnunar er fjallað um framleiðslu í fiskeldi og hafbeit 1993. Meðal efnis er ítarleg greinargerð um hlut einstakra eldisgreina í framleiðslunni. Yfirlit er gefið yfir fjölda atvinnutækifæra í fiskeldi. Fjallað er um verðmæti seldra afurða, birgðastöðu um áramótin 1993-1994 og áætlað framleiðslumagn í íslensku fiskeldi 1994. Að síðustu eru veittar almennar upplýsingar um fiskeldisfyrirtæki í landinu. Allar framleiðslutölur í skýrslunni eru gefnar upp sem óslægðar afurðir, nema annað sé tilgreint.

Allar upplýsingar sem hér eru birtar um framleiðslu í íslensku fiskeldi eru fengnar frá forsvarsmönnum fiskeldisstöðvanna og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

## 2. FISKELDIS- OG HAFBEITARSTÖÐVAR

Á skrá hjá Veiðimálastofnun voru um áramótin 1993-1994 alls 75 fiskeldisstöðvar. Með skráðum stöðvum er átt við stöðvar, sem voru í rekstri um áramót 1993-1994. Við mat á fjölda stöðva er notast við landfræðilegar forsendur. Það er að segja að fiskeldisstöðvar sem eru með fiskeldi eða hafbeit á þrem vel landfræðilega aðskildum stöðum flokkast sem þrjár stöðvar og fiskeldisfyrirtæki með seiðaeldi, strandeldi og hafbeit á sama stað flokkast sem ein stöð. Fiskeldisrekstur breyttist lítið á árinu 1993, fækkun varð um eina stöð á milli ára. Eftirfarandi eldisaðferðir eru notaðar hér á landi: seiðaeldi lax og silungs, land- og strandeldi, kvía- og fareldi, og hafbeit. Upplýsingar varðandi eldisaðferðir og tegundir í eldisstöðvum eru gerð skil í Viðauka 1. Tilraunastöðvar í fiskeldi voru 7, af þeim voru tvær stöðvar með tilraunaeldi á sjávarfiskum.

## 3. FRAMLEIÐSLAN 1993

### 3.1 Laxeldi

Á árinu 1993 framleiddu 26 fiskeldis- og hafbeitastöðvar samtals 5.948 þús. gönguseiði en gönguseiðaframleiðslan 1992 var 6.745 þús. gönguseiði. Árið 1993 fóru 2.296 þús. gönguseiði í áframeldi en 3.652 þús. gönguseiði í hafbeit (Myndir 1 og 3). A árinu 1993 slátruðu fiskeldis- og hafbeitarstöðvar 2.844,2 tonnum af laxi en árið 1992 slátruðu 32 stöðvar 2.585,5 tonnum. Aukning í framleiðslu af slátruðum laxi varð því 10 % árið 1993 miðað við árið áður. Í sölu- og framleiðslutölum er ekki gert ráð fyrir rýrnun vegna slægingar. Í árslok 1993 voru birgðir u.þ.b 1.796 tonn af lifandi laxi í kvía- og landeldisstöðvum. Út frá birgðum og áætluðu framleiðslumagni kvía- og landeldisstöðva, er reiknað með að slátrað verði um 2.400 tonnum af eldisfiski á árinu 1994 og endurheimtur í hafbeit verði 552,5 tonn miðað við 5 % endurheimtur.

<u>HAFBEIT:</u> Sumarið 1993 slepptu hafbeitarstöðvar 3.652 þús. laxaseiðum í hafbeit sem er u.þ.b. 973 þús. seiðum minna en árinu áður (Mynd 1). Alls endurheimtu 9 hafbeitarstöðvar 147.850 stk. af 1 árs laxi og 20.577 stk. af 2 árs laxi úr sjó. Árið 1992 endurheimtu sömu stöðvar hins vegar 119.877 stk. af 1 árs laxi og 20.886 stk af 2 árs laxi úr sjó. Endurheimtur og meðalþyngd á hafbeitarlaxi voru mismunandi milli fyrirtækja. Hafbeitarstöðvar endurheimtu 496,2 tonn af laxi árið 1993 en 460,5 tonn árið 1992 sem er um 8 % aukning í tonnum milli ára. Áætlað er að endurheimtist u.þ.b. 552,5 tonn af laxi úr hafbeit á árinu 1994 (Mynd 2). Við útreikning á áætluðum heimtum í hafbeit er reiknað með 5% heimtum af 1 árs laxi (2,6 kg) og 0,3% heimtur af laxi sem kemur eftir tvö ár úr sjó (5,6 kg). Meðalþyngd á 1 árs laxi úr hafbeit árið 1993 var 2,53 kg en 2,8 kg árið 1992. Meðalþyngd á 2 árs laxi var óbreytt milli áranna 1992-93 eða 5,9 kg.




Mynd 1. Fjöldi gönguseiða (í stk.) sleppt í hafbeit síðustu 7 árin ásamt áætlaðri sleppingu árið 1994.




Mynd 2. Endurheimtur af hafbeitarlaxi (í tonnum) síðustu 7 árin ásamt áætluðum endurheimtum árið 1994.

<u>STRAND- OG LANDELDI:</u> Slátraður lax frá strand- landeldisstöðvum á árinu 1993 var 1.621,4 tonn og stóðu 5 stöðvar að þessari framleiðslu en árið 1992 slátruðu 11 stöðvar 1.413 tonnum. Framleiðsla strand- og landeldisstöðva hefur aukist um 14 % á árinu 1993 (Mynd 4). Birgðastaða strand- og landeldisstöðva í árslok 1993 voru um 1.079 tonn af lifandi laxi. Út frá birgðastöðu af lifandi fiski um áramót og áætluðum sláturtölum fiskeldismanna, má gera ráð fyrir að slátrað verði u.þ.b. 1.650 tonnum af laxi á árinu 1994 sem er svipað magn og slátrað var árið 1993.




Mynd 3. Fjöldi gönguseiða (í stk.) sem sett voru í matfiskeldi síðustu 7 árin ásamt áætluðum fjölda seiða sem fara í matfiskeldi á árinu 1994.

<u>KVÍA- OG FARELDI:</u> 7 kvía- og fareldisstöðvar slátruðu 727 tonnum af laxi árið 1993, en árið 1992 slátruðu 9 stöðvar 712 tonnum af laxi. Aukning varð um 2,1 % í framleiðslu í kvía- og fareldi árið 1993 miðað við árið 1992 (Mynd 4). 7 kvía- og fareldisstöðvar verða starfræktar á árinu 1993. Út frá birgðastöðu og áætluðum sláturtölum fiskeldismanna er reiknað með að um 750 tonnum verði slátrað úr kvía- og fareldisstöðvum á árinu 1994. Birgðastaða í árslok 1993 í kvía- og fareldisstöðvum voru 717 tonn af lifandi laxi.




Mynd 4. Framleiðsla (í tonnum) af slátruðum laxi frá matfiskeldisstöðvum síðustu 7 árin ásamt áætluðu sláturmagni árið 1994.

### 3.2 Silungseldi

Á árinu 1993 stunduðu 45 fiskeldisstöðvar framleiðslu á silungi en árið 1992 voru 43 stöðvar í silungseldi. Á síðasta ári voru 10 stöðvar með regnbogasilung, 42 stöðvar með bleikju og 8 stöðvar með urriða. Í slátur- og framleiðslutölum er ekki gert ráð fyrir rýrnun vegna slægingar (þ.e.a.s. um óslægðan fisk að ræða). Land- og strandeldisstöðvar slátruðu 566,3 tonnum af silungi á árinu 1993 en 398,5 tonnum á árinu 1992 sem er um 42 % aukning milli ára. Út frá birgðastöðu og áætlaðri framleiðslu fiskeldisstöðva má gera má ráð fyrir að slátrað verði um 580 tonnum af silungi á árinu 1994. Af silungi voru framleidd 1.164 þús. gönguseiði á árinu 1993 sem er um 4 % aukning milli ára.

<u>ELDI Á BLEIKJU</u>: Á síðasta ári slátruðu 27 land- og strandeldisstöð 340,1 tonni af bleikju (óslægður fiskur) sem er um 6 % aukning frá árinu 1992 en þá slátruðu 21 eldisstöð 321,1 tonnum af óslægðri bleikju (Mynd 5). Birgðastaða af lifandi bleikju í eldisstöðvum í árslok 1993 var um 334,9 tonn. Út frá birgðastöðu í árslok 1993 og áætluðu slátumagni eldisstöðva er reiknað með að framleiðslan árið 1994 verði u.þ.b. 370 tonn af óslægðri bleikju.




Mynd 5. Slátrað magn af bleikju (í tonnum) síðustu 7 árin ásamt áætluðu sláturmagni árið 1994.

<u>ELDI Á REGNBOGASILUNGI OG URRIÐA:</u> Á árinu 1993 slátruðu land- og strandeldisstöðvar 221 tonnum af regnboga og 5,2 tonnum af urriða (Mynd 6). Gera má ráð fyrir að framleiðsla á slátruðum regnbogasilungi minnki eitthvað en slátrað magn af urriða aukist verulega á árinu 1994. Birgðastaðan um áramótin 1993-94, var um 166,5 tonn af regnboga en um 40 tonn af urriða. Út frá áætluðum sláturtölum frá eldisstöðvum og birgðastöðu má gera ráð fyrir að slátrað verði u.þ.b. 180 tonnum af regnbogasilungi og 30 tonnum af urriða á árinu 1994.




Mynd 6. Slátraðar afurðir af regnbogasilungi síðustu 7 árin ásamt áætluðu sláturmagni á árinu 1994.

## 3.3 MÆLIKVARÐI Á FRAMLEIÐNI Í ÁFRAMELDI LAXA 1993

Framleiðsla í áframeldi laxa er hér skoðuð í ljósi þess hve miklar seldar afurðir fengust af þeim seiðum sem fóru í áframeldi tveimur árum áður. Þessi mælikvarði, sem gengur út frá ráðandi framleiðsluferlum, gefur möguleika á einföldum samanburði á framleiðni laxeldis á milli ára.
Árið 1993 seldu strand- og kvíaeldisstöðvar 2.348 tonn af laxi. Að baki þessari framleiðslu standa um 2.479 þús. laxaseiði sem framleidd voru til áframeldis á árinu 1991. Samkvæmt þessum tölum liggja 947 gr. að baki hverju seiði árið 1993 en árið 1992 lágu 846 gr. að baki hverju seiði, þetta er því um 12 % bati milli ára.
Ástandið í fiskeldismálum á árunum 1989-91 hefur enn mikil áhrif á framleiðni í íslensku fiskeldi. Mun betra jafnvægi er að nást í framleiðslu á seiðum og eldislaxi miðað við síðastliðin ár og er áætlað að framleiðni á árinu 1994 verði um 20% betri en á árinu 1993. Reiknað er með að um 1.132 gr. liggi að baki hverju seiði á árinu 1994.

## 4. ANNAÐ ELDI

Tilraunum með lúðueldi var haldið áfram að Stað í Grindavík á vegum Hafrannsóknastofnunar. Einnig fór þar fram tilraunaeldi á sæeyra. Hjá Fiskeldi Eyjafjarðar hf. á Hjalteyri voru í gangi tilraunir með klak og frumfóðrun á lúðuseiðum.
Á vordægrum 1994 stefnir Mákur hf. að hefja eldi á hlýsjávarfiskum á Sauðárkróki. Um er að ræða tegund sem þekkt er í eldi um alla Evrópu, sem kallast barri.
Sæbýli hf. hefur eldi á sæeyra (Red abalone) á árinu 1994 en leigir til þess seiðastöð Vogavíkur á Reykjanesi.
Fiskeldi hf. í Stöðvarfirði hefur síðast liðin tvö ár verið með undirmálsþorsk í kvíaeldi. Þorskurinn fimmfaldaði þyngd sína á einu og hálfu ári en á árinu 1993 slátraði Fiskeldi hf. u.þ.b. 2 tonnum af eldisþorski og er búist við að á árinu 1994 verði slátrað um 5-7 tonnum af þorski.. Fyrirtækið Þorskur hf. í Norðfirði byrjaði á árinu 1993 með kvíaeldi á undirmálsþorski sem slátrað verður í lok árs 1994 eða í byrjun árs 1995 sem 4-5 kg fiski.

## 5. ATVINNUTÆKIFÆRI Í FISKELDI

Störf í fiskeldi á árinu 1993 svöruðu til 174 mannára og er þetta fækkun um 8 árstörf frá 1992 en þá var fjöldi ársstarfa í fiskeldi 182. Flest mannár voru unnin í Norðurlandskjördæmi eystra og Reykjanes-kjördæmi. (Tafla 1). Hér eru ótalin störf er varða aðgerð á fisk, pökkun, reykingu, flutning, fóðurframleiðslu, sölu og þjónustu svo eitthvað sé nefnt sem tengist fiskeldi.

**Tafla 1** Dreyfing mannára í fiskeldi milli kjördæma í landinu og meðalfjöldi mannára í fiskeldisstöð.

| *Kjördæmi* | *Mannár* | *Fjöldi stöðva* | *Meðaltalsfjöldi á stöð* |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 4 | 1,5 |
| Reykjanes | 40,1 | 8 | 5,0 |
| Vesturland | 20,8 | 20 | 1,0 |
| Vestfirðir | 16,5 | 5 | 3,3 |
| Norðurland vestra | 10 | 3 | 3,3 |
| Norðurland eystra | 41,8 | 10 | 4,2 |
| Austurland | 5,9 | 6 | 1,0 |
| Suðurland | 32,9 | 19 | 1,7 |
| Samtals | 174 | 75 | 2,6 |

## 6. ÚTFLUTNINGS- OG INNANLANDSSALA Á ELDISAFURÐUM

Á árinu 1993 voru flutt út 2.251,4 tonn af laxi og silungi að verðmæti 810,1 millj. en á árinu 1992 var útflutningur 2.262,7 tonn að verðmæti 704,3 millj. (Sjá Hagtíðindi 1994). Útflutningur af laxi og silungi minnkaði því um 0,5 % á milli ára en á árinu 1993 varð um 106 millj. (13,1%) verðmætaaukning miðað við árið 1992. Ástæða þess að minna magn var flutt erlendis á árinu 1993 var að framleiðsluaðilar (reykhús, fisksalar o.fl.) seldu erlendis á árinu 1993, rúm 163 tonn af reyktum og flökuðum eldisafurðum (Tafla 2), sem er aukning upp á 84,4 % milli ára. A árinu 1993 var meðalverð (fob) á útfluttum silungi (slægðum og óslægðum) 383 kr/kg en meðalverð á útfluttum laxi (slægðum og óslægðum) 323 kr/kg. Á árinu 1992 var meðalverð á útfluttum eldisafurðum 311 kr/kg en á árinu 1993 var meðalverð 360 kr/kg sem er um 15,8 % hækkun milli ára. Hagtíðindi gefa upp 2.251,4 tonn í útflutning á árinu 1993. Miðað við uppgefnar tölur Hagtíðinda og eldisstöðva má gera ráð fyrir að innanlandsneysla eldisafurða sé u.þ.b. 400 tonn á árinu 1993. Áætlað söluverðmæti af laxi og silungi á innanlandsmarkaði er því um 160 milljónir. Innanlandsneysla er áætluð,

þar sem óvissa er mikil varðandi verkun á þeim afurðum sem framleiðsluaðilar selja innanlands. Heildarverðmæti seldra afurða í fiskeldi er því u.þ.b. 970 milljónir á árinu 1993. Útflutningsverðmæti lax og silungs á árinu 1993 voru u.þ.b. 50% af heildarútflutningstekjum í landbúnaði og að baki hverju starfi í fiskeldi liggja u.þ.b. 4,6 milljónir í útflutningstekjur en í sjávarútvegi liggja u.þ.b. 5,5 milljónir í útflutningstekjur að baki hverju starfi.. Á mynd 7 sést útflutningur af laxi og silungi í tonnum ásamt útflutningsverðmætum.

**Tafla 2.** Tollskrárnúmer, tollaheiti ásamt útflutningsmagni, heildarverði (FOB) og meðalverði í ísl. kr. ( Heimild: Hagstofan 1994)

| Tollskrár. nr. | Tollaheiti | Magn (kg) | FOB (Ísl. kr) | Meðalverð |
|---|---|---|---|---|
| 0302-1101 | Ferskur heill eldissilungur (Bleikja) | 165.833 | 63.676.193 | 383 |
| 0302-1109 | Annar heill ferskur silungur | 1.006 | 319.299 | 317 |
| 0302-1201 | Ferskur heill eldisfiskur (eldislax) | 1.293.577 | 419.109.699 | 323 |
| 0302-1209 | Annar ferskur heill lax | 134.201 | 49.818.312 | 371 |
| 0302-1900 | Annar ferskur heill laxfiskur (bleikja) | 49.408 | 17.504.097 | 354 |
| 0303-1000 | Heilfrystur lax | 52.690 | 4.619.558 | 87 |
| 0303-2101 | Heilfrystur eldissilungur | 22.029 | 5.662.664 | 257 |
| 0303-2109 | Annar heilfrystur silungur (villtur sil.) | 13.839 | 3.851.513 | 278 |
| 0303-2201 | Heilfrystur eldislax | 344.199 | 108.707.250 | 315 |
| 0303-2209 | Annar heilfrystur lax (villtur) | 10.950 | 3.481.160 | 317 |
| 0303-2900 | Heilfryst laxaflök (hafbeitarfiskur) | 12.768 | 1.566.125 | 122 |
| 0304-1031 | Fersk laxaflök | 22.332 | 11.102.400 | 497 |
| 0304-1032 | Fersk silungsflök | 9.989 | 5.627.045 | 563 |
| 0304-2034 | Laxaflök í blokk | 22.365 | 12.205.139 | 545 |
| 0304-2035 | Ófryst laxaflök | 8.974 | 2.656.224 | 295 |
| 0304-2036 | Silungsflök í blokk (regnbogi+bleikja) | | | |
| 0304-2037 | Önnur landfryst silungsflök (Bleikja) | 3.538 | 2.655.161 | 750 |
| 0305-4100 | Reyktur lax | 83.382 | 97.243.133 | 1.166 |
| 0305-4901 | Reyktur silungur | 301 | 255.075 | 847 |
| | Samtals | 2.251.381 | 810.060.047 | 360,0 |




Mynd 7. Útflutningur af laxi og silungi í tonnum síðustu 7 árin og útflutningstekjur í milljónum.

## 7. BIRGÐIR AF LIFANDI FISKI

Út frá hrognamagni eldisstöðva má áætla að framleiðsla seiðaeldisstöðva á laxaseiðum verði svipuð milli ára en heldur meiri framleiðsla af silungsseiðum á árinu 1994 en hún var 1993. Í töflum 3 og 4 má sjá sameiginlega birgðastöðu (fjöldi fiska í stk.) í fiskeldis- og hafbeitarstöðvum um áramótin 1993. Birgðastaða af eldisfiski í áframeldi um áramótin 1993-1994 er svipuð og hún var um áramótin 1992-1993 (Tafla 5), en birgðastaða af silungi (seiði) hefur aukist milli ára (Tafla 3).

| **Tafla 3** | Birgðir af laxi og silungsseiðum (í stk) í eldisstöðvum um áramótin 1993-1994 | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tegund\Stærð | < 5 gr. | 5-25 gr. | 25-100 gr. | > 100 gr. |
| Lax | 1.851 þús. | 2.186 þús. | 5.001 þús. | 234 þús. |
| Regnbogas. | 400 þús. | 220 þús. | 75 þús. | 310 þús. |
| Bleikja | 114 þús. | 530 þús. | 525 þús. | 44 þús. |
| Urriði | | 18 þús. | 12 þús. | 13 þús. |
| Samtals | 2.365 þús. | 2.954 þús. | 5.613 þús. | 601 þús. |

| **Tafla 4** | Birgðastaða af matfiski í eldisstöðvum (í stk) um áramótin 1993-1994 | | | |
|---|---|---|---|---|
| Tegund\Stærð | < 1 kg. | 1-2 kg. | 2-3 kg. | > 3 kg. |
| Lax | 1.130 þús. | 382 þús. | 175 þús. | 77 þús. |
| Regnbogas. | 247 þús. | | | |
| Bleikja | 663 þús. | 81 þús. | | |
| Urriði | 3 þús. | | 30 þús. | |
| Samtals | 2.043 þús. | 463 þús. | 275 þús. | 77 þús. |

## 8. HEILDARFRAMLEIÐSLA FISKELDISSTÖÐVA ÁRIÐ 1993 OG ÁÆTLUÐ FRAMLEIÐSLA AF SLÁTURFISKI Á ÁRINU 1994

Heildarframleiðsla í fiskeldi á árinu 1993 var 3.421,9 tonn (Tafla 5) en á árinu 1.992 var heildarframleiðsla í fiskeldi 2.374,4 tonn. Heildarframleiðsla í fiskeldi jókst því um 44 % á milli árana 1992 og 1993. Heildarframleiðsla hjá laxeldis- og hafbeitarstöðvum á árinu 1993 er fengin með því að:
(Birgðir af lifandi eldisfiski um áramótin 1993-94) - (birgðir af lifandi fiski um áramótin 1992-93) + (heildarmagn af slátruðum (óslægðum) eldisfiski á árinu 1993).

| Tafla 5 | Birgðir af lifandi fiski um áramót í tonnum 1993-94 | | Birgðir af lifandi fiski um áramót í tonnum 1992-93 | | Magn af óslægðum slátruðum afurðum 1993 | | Heildarframl. af eldisfiski 1993 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hafbeitarlax | ( - ) | - | ( - ) | + | ( 496,2 tonn ) | = | ( 496,2 tonn ) |
| Eldislax | ( 1.796 tonn ) | - | ( 1.763 tonn ) | + | ( 2.348 tonn ) | = | ( 2.381 tonn ) |
| Regnbogas. | ( 166,5 tonn ) | - | ( 206 tonn ) | + | ( 221 tonn ) | = | ( 181,5 tonn ) |
| Bleikja | ( 334,9 tonn ) | - | ( 317 tonn ) | + | ( 340,1 tonn ) | = | ( 358 tonn ) |
| Urriði | ( 40 tonn ) | - | ( 40 tonn ) | + | ( 5,2 tonn ) | = | ( 5,2 tonn ) |
| Samtals | ( 2.337,4 tonn ) | - | ( 2.326 tonn ) | + | ( 3.410,5 tonn ) | = | ( 3.421,9 tonn ) |

Mikil aukning varð í heildarframleiðslu í fiskeldi á árinu 1993. Þessa miklu framleiðsluaukningu má m.a. rekja til að framleiðsla af slátruðum laxi hefur aukist jafnt og þétt síðustu þrjú ár en einna mest á árinu 1993. Að auki hafa fyrirtæki hafið í auknum mæli eldi á silungi en silungseldi er stundað bæði í landeldis- og kvíaeldisstöðum. Framleiðsla í silungseldi hefur aukist mikið síðastliðin ár og hefur framleiðsla af slátruðum silungi aldrei verið meiri en árið 1993 eða um 566 tonn. Framleiðsla af slátruðum hafbeitarlaxi hefur einnig aukist jafnt og þétt síðustu árin og hefur framleiðslan aldrei orðið meiri en árið 1993 eða um 496 tonn. Á árinu 1993 var sleppt 3.652 þús gönguseiðum í hafbeit og áætlað er að sleppa rúmlega 4,5 millj. gönguseiða í hafbeit á árinu 1994. Reiknað er með að hafbeit gefi af sér 553 tonn af laxi á árinu 1994. Til grundvallar útreikningi á endurheimtum á hafbeitarlaxi er gert ráð fyrir 5 % endurheimtum af laxi eftir 1 vetur í sjó með 2,6 kg meðalþyngd, og hins vegar 0,3 % heimtum af laxi eftir 2 vetur í sjó með meðalþyngd 5,6 kg. Í land- og strandeldisstöðvum voru 1.621 tonnum af laxi slátrað á árinu 1993 en út frá birgðastöðu og áætluðu sláturmagni frá eldisstöðum er áætlað að slátra um 1.650 tonnum á árinu 1994. Í kvía- og fareldi var 727 tonnum slátrað af laxi á árinu 1993 en reiknað með að 750 tonnum verði slátrað á árinu 1994 frá kvía- og fareldisstöðvum. Á árinu 1994 er áætlað að eldisstöðvar slátri um 580 tonnum af silungi en 566 tonnum var slátrað á árinu 1993.

# VIÐAUKAR

| FYRIRTÆKI | Matfiskeldi | | | | Seiðaeldi | | | | Hafbeit | Klakhús | | | Seiða og matfiskeldi | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lax | Bleikja | Regnb | Urriði | Lax | Bleikja | Regnb | Urriði | | La | Bl | Urr | Þorskur | Lúða | Barri | Sæeyra |
| AUSTFIRÐINGUR HF | K | | | | | | | | | | | | | | | |
| DYRHÓLALAX HF | | L | | L | S | S | | | H | | | | | | | |
| DÝHÓLL | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN DRANGSNESI | | L+J | | | S | S | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN EFRA SKARÐI | | J | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ELLIÐAÁR | | | | | S | | | | | X | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN FLJÓTAKRÓKI | | | | | | | | | | | | X | | | | |
| ELDISSTÖÐIN HVASSAFELLI | | J | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN KRÓKI HF | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN KVERNGRJÓTI | | | L | | S | | S | | | X | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN MIÐHRAUNI | | J | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN NÝJABÆ | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ORMSSTÖÐUM | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN SELDAL | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN S-KNARRARTUNGU | | J | | | | S | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ÚTHLÍÐ | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN YSTU-VÍK | K+L | J+L | | | | | | | | | | | K | | | |
| ELDISSTÖÐIN ÞRÁNDARSTÖÐUM | | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ÞVERFELLI | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ÖXL | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| FAGRADALSBLEIKJA | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| FISKALÓN HF | | | | | | S+J | S+J | | | | | | | | | |
| FISKELDI HF | | | | | | | | | | | | | K | | | |
| FISKELDI EYJAFJARÐAR HF | | | | | | | | | | | | | | L+S | | |
| FISKELDISSTÖÐIN AUÐLINDIN | | J | | | | | | | | | | | | | | |
| FISKELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA | | L | | | S | S | | S | H | | | | | | | |
| FISKELDISSTÖÐIN HÚSAFELLI | | | | | S | | | | | | | | | | | |
| FISKELDISSTÖÐIN HLÍÐ | | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGU | | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI | | L | | | S | | | S | | | | | | | | |
| FISKELDISSTÖÐIN ÞYKKVABÆ | | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| FISKRÆKTARSTÖÐIN LAXEYRI | | | | | S | S | | S | | | | | | | | |
| GRJÓTFISKUR | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| HAFBEITARSTÖÐIN KIRKJUFELLI | | | | | S | | | | H | | | | | | | |

L = Land - og strandeldi
K = Kvía- og fareldi
J = Jarðtjarnir
S = Seiðaeldi í kerjum
H = Hafbeitarstöð

| FYRIRTÆKI | Matfiskeldi | | | | Seiðaeldi | | | | Hafbeit | Klakhús | | | Seiða og matfiskeldi | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lax | Bleikja | Regnb | Urriði | Lax | Bleikja | Regnb | Urriði | | La | Bl | Urr | Þorskur | Lúða | Barri | Sæeyra |
| HÓLALAX HF | | L | | | S | S | | S | H | | | | | | | |
| HÖFÐI | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| ÍSLANDSLAX | L | | | | S | | | | | | | | | | | |
| KLAKHÚSIÐ LAUGABÖKKUM | | | | | | | | | | X | | | | | | |
| KLAKHÚSIÐ YTRA HRAUNI | | | | | | | | | | | | X | | | | |
| KLAKHÚSIÐ ÞYKKVABÆ | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI | | | | | S | | | | | | | | | | | |
| KLAKSTÖÐIN HF | | | | | S | S | | | | | | | | | | |
| LAUGARLAX HF | | L | | L | | S | S | S | | | | | | | | |
| LAXELDISSTÖÐ RÍKISSINS | | L | L | | S+J | S | S | S | H | | | | | | | |
| LAXINN HF | | | J+L | | | | S | | | | | | | | | |
| LAXÓS HF | | | | | S | | | | H | | | | | | | |
| LÁTRAVÍK HF | | | | | | | | | H | | | | | | | |
| LIND | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| MÁKUR HF | | | | | | | | | | | | | | | S | S |
| MIKLILAX HF | L+K | L | | | S | | | | | | | | | | | |
| NAUTEYRI HF | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| NJÖRFI HF | K | | L | | S | | S | | | | | | | | | |
| NORÐURLAX HF | | | | | S | | | | | X | | | | | | |
| RIFÓS HF | K | | | | S | | | | | | | | | | | |
| SEIÐAELDISSTÖÐ MAGNÚSARSKÓGUM | | | | | | | | | | X | | | | | | |
| SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM | | | | | S | S | | | | | | | | | | |
| SILFURLAX HF HALLKELSHÓLUM | | | | | S | | | | | | | | | | | |
| SILFURLAX HF HRAUNSFIRÐI | | | | | K | | | | H | | | | | | | |
| SILFURLAX HF LAUGUM | | | | | S | | | | | | | | | | | |
| SILFURLAX HF LÆK | | | | | S | | | | | | | | | | | |
| SILFURLAX HF NÚPUM | | | | | S | | | | | | | | | | | |
| SILFURSTJARNAN HF | L | L | | | | | | | | | | | | | | |
| SILUNGUR HF | | L | L | | | | | | | | | | | | | |
| STOFNFISKUR HF | L | | L | | | | | | | | | | | | | |
| STRANDARLAX HF | K | | | | | | | | | | | | | | | |
| STRAUMFISKUR | L | | | | | | | | | | | | | | | |
| SVARTHAMAR HF | | L | | | | | | | | | | | | | | |
| SVEINSEYRARLAX | L | | | | S | S | | | | | | | | | | |

L = Land - og strandeldi
K = Kvía- og fareldi
J = Jarðtjarnir
S = Seiðaeldi í kerjum
H = Hafbeitarstöð

| FYRIRTÆKI | Matfiskeldi | | | | Seiðaeldi | | | | Hafbeit | Klakhús | | | Seiða og matfiskeldi | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lax | Bleikja | Regnb | Urriði | Lax | Bleikja | Regnb | Urriði | | La | Bl | Urr | Þorskur | Lúða | Barri | Sæeyra |
| SÆBÝLI HF | | | | | | | | | | | | | | | | S |
| TILR. STÖÐ HAFRANNSÓKNARSTOFN. | | | | | | | | | | | | | L | L | | S |
| TILR. STÖÐ KELDNAHOLTI (RALA) | | L | | | | S | | | | | | | | | | |
| VOGAVÍK | | | | | S | | | | H | | | | | | | |
| ÞORSKUR HF | | | | | | | | | | | | | K | | | |
| ÞÓRSLAX HF | K+L | L | K+L | K+L | S | S | S | S | | | | | | | | |
| ÖXNALÆKUR HF | | | | | S | S | | | | | | | | | | |

L = Land - og strandeldi
K = Kvía- og fareldi
J = Jarðtjarnir
S = Seiðaeldi í kerjum
H = Hafbeitarstöð

VIÐAUKI 2. SKRÁ YFIR ADSETUR SKRIFSTOFU FISKELDIS- OG HAFBEITARSTÖÐVA, FRAMKVÆMDASTJÓRA ÞEIRRA OG SÍMANÚMER.

| FYRIRTÆKI | FRAMKVÆMDASTJÓRI | ADSETUR SKRIFSTOFU | MYNDSENDIR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|
| AUSTFIRÐINGUR HF | SIGTRYGGUR HREGGVIÐSSON | SMIÐJUSTÍGUR 1 | | 735, ESKIFJÖRÐUR | 97-61476 |
| DYRHÓLALAX HF | GUÐNI EINARSSON | ÞÓRISHOLT | | 871, VÍK Í MÝRDAL | 98-71220 |
| DÝHÓLL | SIGURÐUR H. ÞORSTEINSSON | HLÍÐARBRAUT 24 | 95-24625 | 540, BLÖNDUÓS | 95-24192 |
| ELDISSTÖÐ SVFR | JÓN G.BERGÞÓRSSON | HÁALEITISBRAUT 68 | | 105, REYKJAVÍK | 91-83425 |
| ELDISSTÖÐIN DRANGSNESI | GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON | ÁSMUNDARNES | | 520, DRANGSNES | 95-13218 |
| ELDISSTÖÐIN EFRA SKARÐI | MAGNÚS ÓLAFSSON | EFRA SKARÐI | | 311, BORGARNES | 93-38917 |
| ELDISSTÖÐIN ELLIÐAÁR | JAKOB HAFSTEIN | ÁRTÚNSBREKKA | | 110, REYKJAVÍK | 91-39960 |
| ELDISSTÖÐIN FLJÓTAKRÓKI | HÁVARÐUR ÓLAFSSON | FLJÓTAKRÓKI | | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTRI | 98-74722 |
| ELDISSTÖÐIN HVASSAFELLI | GÍSLI ÞORSTEINSSON | HVASSAFELLI | | 311, BORGARNES | 93-50044 |
| ELDISSTÖÐIN KELDUM (TILRAUNAST) | SIGURÐUR HELGASON | KELDUR | | 112, REYKJAVÍK | 91-82811 |
| ELDISSTÖÐIN KRÓKI HF | ÁRNI JÓNSSON | KRÓKI | | 851, HELLU | 98-75946 |
| ELDISSTÖÐIN KVERNGRJÓTI | HÖRÐUR GUÐMUNDSSON | KVERNGRJÓT | | 371, BÚÐARDALUR | 93-41514 |
| ELDISSTÖÐIN MIÐHRAUNI | BRYNDÍS H. GUÐMUNDSDÓTTIR | MIÐHRAUN II | | 311, BORGARNES | 93-56786 |
| ELDISSTÖÐIN NÝJABÆ | BIRGIR ÞÓRISSON | NÝJABÆ | | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTRI | 98-74609 |
| ELDISSTÖÐIN ORMSSTÖÐUM | ÁSMUNDUR ÞÓRHALLSSON | ORMSSTAÐIR | | 701, EGILSSTAÐIR | 97-13853 |
| ELDISSTÖÐIN SELDAL | STEFANÍA G. GÍSLADÓTTIR | SELDAL | | 740, NESKAUPSSTAÐ | 97-71494 |
| ELDISSTÖÐIN SYÐRI-KNARRARTUNGU | GUNNAR KOLBEINSSON | SYÐRI-KNARRARTUNGU | | 311, BORGARNES | 93-56746 |
| ELDISSTÖÐIN ÚTHLÍÐ | VALUR ODDSTEINSSON | ÚTHLÍÐ | | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTRI | 98-71363 |
| ELDISSTÖÐIN VÍK Í MÝRDAL | SJÁ DYRHÓLALAX | | | | |
| ELDISSTÖÐIN ÞRÁNDARSTÖÐUM | STEFÁN H. JÓHANNSSON | ÞRÁNDARSTÖÐUM | | 701, EGILSSTAÐIR | 97-13846 |
| ELDISSTÖÐIN ÞVERFELLI | RÚNAR HÁLFDÁNARSON | ÞVERFELLI II | | 311, BORGARNES | 93-51400 |
| ELDISSTÖÐIN ÖXL | REIMAR KARLSSON | ÖXL | | 311, BORGARNES | 93-56748 |
| FAGRADALSBLEIKJA | JÓNAS ERLENDSSON | FAGRADAL | | 871, VÍK | 98-71105 |
| FELLALAX HF | BJÖRN BALDVINSSON | HOFSVÍK/KJALARNESI | 96-667576/109 | 270, MOSFELLSBÆR | 91-667475 |
| FISKALÓN HF | HOYBYE CHRISTENSEN | ÞÓRODDSSTÖÐUM | | 801, SELFOSS | 98-34682 |
| FISKELDI EYJAFJARÐAR HF | ÓLAFUR HALLDÓRSSON | GLERÁRGATA 36 | 96-27430 | 600, AKUREYRI | 96-12494 |
| FISKELDISSTÖÐIN AUÐLINDIN | MAGNÚS GUÐJÓNSSON | HRÚTSHOLTI II | 93-56774 | 311, BORGARNES | 93-56660 |
| FISKELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA | HRÓLFUR ÖLVISSON | BUGÐULÆKUR 3 | | 104, REYKJAVÍK | 91-76508 |
| FISKELDISSTÖÐIN HÚSAFELLI | SNORRI KRISTLEIFSSON | REYKHOLTSDALUR | | 311, BORGARNES | 93-51131 |
| FISKELDISSTÖÐIN HLÍÐ | GUNNAR L. JÓHANNSSON | HLÍÐ | | 625, ÓLAFSFJÖRÐUR | 96-62461 |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI | SVANUR EINARSSON | TUNGUFELL | | 801, SELFOSS | 98-66723 |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGU | HANNA HJARTARDÓTTIR | KLAUSTURVEGI 4 | 98-74833 | 880, KLAUSTRI | 98-74833 |
| FISKELDISSTÖÐIN ÞYKKVABÆ | SKÚLI JÓNSSON | ÞYKKVIBÆR III | | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTUR | 98-74706 |
| FISKRÆKTARSTÖÐIN LAXEYRI | ÓÐINN SIGÞÓRSSON | EINARSNES | | 311, BORGARNESS | 93-71667 |
| GRJÓTFISKUR | ANNA HALLDÓRSDÓTTIR | BRÚ | | 701, EGILSSTAÐIR | 97-11069 |
| HAFBEITARSTÖÐIN KIRKJUFELLI | HARALDUR MAGNÚSSON | RAUÐILÆKUR 71 | | 105, REYKJAVÍK | 91-34447 |
| HAFNARLAX HF | RÚNAR RAGNARSSON | SKÚLAGATA 7 | | 310, BORGARNES | 93-71241 |
| HÓLALAX HF | PÉTUR BRYNJÓLFSSON | HÓLAR | 95-36672 | 551, SAUÐÁRKRÓKUR | 95-36601 |
| HÖFÐI HF | BÁRÐUR ÁRNASON | BRUNNAR 16 | | 450, PATREKSFJÖRÐUR | 94-1336 |
| ÍSLANDSLAX (ÍSLENSK MATVÆLI) | SINDRI SINDRASON | HÖRGÁRTÚN 2 | 91-656485 | 210, GARÐABÆR | 91-658111 |
| KLAKHÚSIÐ LAUGABÖKKUM | GUNNAR GUNNARSSON | SELFOSS I | | 800, SELFOSS | 98-21422 |
| KLAKHÚSIÐ YTRA-HRAUNI | ARNAR SIGÐURÐSSON | YTRA-HRAUN | | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTUR | 98-74709 |
| KLAKHÚSIÐ ÞURÁ | ÞORLÁKUR KOLBEINSSON | ÞURÁ | | 801, SELFOSS | 98-34513 |
| KLAKHÚSIÐ ÞYKKVABÆ | EINAR BJARNASON | ÞYKKVIBÆR I | | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTUR | 98-74704 |
| KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI | STURLA GUÐBJARNARSON | FOSSATÚN | | 311, BORGARNES | 93-51243 |
| KLAKSTÖÐIN HF | SJÁ SVARTHAMAR | | | | |
| LAUGARLAX HF | HELGI GUÐMUNDSSON | MERKISTEINN | | 820, EYRABAKKA | 98-31512 |
| LAXELDISSTÖÐ RÍKISINS | VIGFÚS JÓHANNSSON | KOLLAFJÖRÐUR | 91-668030 | 270, MOSFELLSBÆR | 91-666380 |
| LAXINN HF | ÓLAFUR SKÚLASON | LAXALÓNI, GRAFARHOLTI | 91-682707 | 110, REYKJAVÍK | 91-813550 |
| LAXÓS HF | ÞORSTEINN ÁSGEIRSSON | AÐALGATA 11 | | 625, ÓLAFSFJÖRÐUR | 96-62370 |

| FYRIRTÆKI | FRAMKVÆMDASTJÓRI | AÐSETUR SKRIFSTOFU | MYNDSENDIR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|
| LÁTRAVÍK HF | JÓN KR. SVEINSSON | GRUNDARLAND 12 | | 108, REYKJAVÍK | 91-82288 |
| LIND | STEINÓLFUR LÁRUSSON | YTRA FAGRADAL | | 371, BÚÐARDALUR | 93-41558 |
| LÆKUR HF | SJÁ SILFURLAX HF | | | | |
| MIKLILAX HF | GUNNAR REYNIR PÁLSSON | LAMBANESREYKIR | 96-71055 | 570, FLJÓT | 96-71072 |
| NAUTEYRI HF | JÓHANN GEIRSSON | NAUTEYRI II | | 510, HÓLMAVÍK | 94-4871 |
| NJÖRFI HF | BJÖRN BALDVINSSON | HOFSVÍK/KJALARNESI | 96-667576/109 | 270, MOSFELLSBÆR | 91-667475 |
| NORÐURLAX HF | BJÖRN G. JÓNSSON | LAXAMÝRI | 96-42250 | 641, HÚSAVÍK | 96-41819 |
| RIFÓS HF | ÓLAFUR JÓNSSON | LÓNI, KELDUHVERFI | 95-52191 | 640, HÚSAVÍK | 95-52190 |
| SEIÐAELDISSTÖÐ MAGNÚSARSKÓGUM | HALLDÓR GUÐMUNDSSON | MAGNÚSARSKÓGAR III | | 371, BÚÐARDALUR | 93-41259 |
| SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM | ÞORFINNUR ÞÓRARINSSON | SPÓASTAÐIR | | 801, SELFOSS | 98-68863 |
| SILFURLAX HF | JÚLÍUS B. KRISTINSSON | HAFNARSTRÆTI 11 | 91-626170 | 101, REYKJAVÍK | 91-626111 |
| SILFURSTJARNAN HF | BENEDIKT KRISTJÁNSSON | NÚPSMÝRI | 96-52318 | 671, KÓPASKER | 96-52319 |
| SILUNGUR HF | JÓNATAN ÞÓRÐARSSON | VATNSLEYSUSTRÖND | 92-46745 | 190, VOGAR | 92-46716 |
| STOFNFISKUR HF | VIGFÚS JÓHANNSSON | VAGNHÖFÐA 7 | 91-676420 | 112, REYKJAVÍK | 91-675855 |
| STRANDARLAX HF | SIGFINNUR MIKAELSSON | STRANDARVEGI 29-33 | 97-21544 | 710, SEYÐISFJÖRÐUR | 97-21169 |
| STRAUMFISKUR | STEFÁN ÞÓRÐARSON | TEIGI | | 601, AKUREYRI | 96-27662 |
| SVARTHAMAR HF | ÞORVALDUR V. MAGNÚSSON | HAUKAMÝRARGILI | | 640, HÚSAVÍK | 96-41480 |
| SVEINSEYRARLAX | HANNES BJARNASON | SVEINSEYRI | 94-2287 | 465, BÍLDUDALUR | 94-2288 |
| TILRAUNASTÖÐ HAFRANNSÓKNARSTOFN. | JAKOB JAKOBSSON | SKÚLAGÖTU 4 | | 101, REYKJAVÍK | 91-20240 |
| TILRAUNASTÖÐ KELDNAHOLTI (RALA) | ÓLAFUR GUÐMUNDSSON | KELDNAHOLTI | | 112, REYKJAVÍK | 91-812230 |
| VÍKURLAX | GUNNAR BLÖNDAL | YSTU-VÍK | | 601, AKUREYRI | 96-27317 |
| VOGAVÍK (FISKVEIÐASJÓÐUR) | HINRIK GREIPSSON | SUÐURLANDSBRAUT 4 | 91-689588 | 105, REYKJAVÍK | 91-679100 |
| ÞÓRSLAX HF | MAGNÚS K. GUÐMUNDSSON | ÞÓRSHAMRI | | 460, TÁLKNAFJÖRÐUR | 94-2523 |
| ÖXNALÆKUR HF | SJÁ SILFURSTJARNAN | | | | |

VIÐAUKI 3. SKRÁ YFIR ÍSLENSKAR FISKELDISSTÖÐVAR SEM ERU STARFRÆKTAR ÁSAMT STAÐSETNINGU, NÖFNUM STÖÐVARSTJÓRA OG SÍMANÚMERUM Í STÖÐVUM. ELDISSTÖÐVUM ER SKIPT NIÐUR EFTIR KJÖRDÆMUM.

| ELDISSTÖÐ | STAÐSETNING | HREPPUR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | STÖÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|
| **REYKJAVÍK** | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN VIÐ ELLIÐAÁR | ÁRTÚNSBREKKU V/ELLIÐAÁR | | 110, REYKJAVÍK | JAKOB HAFSTEIN | 91-39960 |
| ELDISSTÖÐIN KELDUM | TILRAUNAST. HÍ Í MEINAFR. | | 128, REYKJAVÍK | SIGURÐUR HELGASON | 91-674700 |
| LAXINN HF | LAXALÓNI, GRAFARHOLTI | | 110, REYKJAVÍK | ÓLAFUR SKÚLASON | 91-813550 |
| TILRAUNASTÖÐ KELDNAHOLTI | KELDNAHOLTI | | 112, REYKJAVÍK | | 91-38531 |
| **REYKJANES** | | | | | |
| ELDISSTÖÐ SVFR | SKÓGARNESI | | 270, MOSFELLSBÆ | GUÐMUNDUR BANG | 91-666512 |
| ÍSLANDSLAX | STAÐ | GRINDAVÍKURHREPPI | 240, GRINDAVÍK | ÓLAFUR WERNERSSON | 92-68788 |
| LAXELDISSTÖÐ RÍKISINS | KOLLAFIRÐI | KJALARNESHREPPI | 270, MOSFELLSBÆ | ÓLAFUR ÁSMUNDSSON | 91-666380 |
| NJÖRFI HF | HOFSVÍK (+ STRAUMSVÍK) | KJALARNESHREPPI | 270, MOSFELLSBÆ | GUÐMUNDUR BANG | 91-667475 |
| SILUNGUR HF | VATNSLEYSUSTRÖND | VATNSLEYSUSTRANDARHREPP. | 190, VOGUM | JÓNATAN ÞÓRÐARSSON | 92-46716 |
| STOFNFISKUR HF | KALMANSTJÖRN | HAFNARHREPPI | 233, HÖFNUM | JÓHANN SIGURBERGSSON | 92-16922 |
| TILRAUNASTÖÐ HAFRANNSÓKNARSTOFN | STAÐ | GRINDAVÍKURHREPPI | 240, GRINDAVÍK | MATTÍAS ODDGEIRSSON | 92-68232 |
| VOGAVÍK | VOGUM | VATNSLEYSUSTRANDARHREPP. | 190, VOGUM | SESSELJA GUÐMUNDSDÓTTIR | 92-46649 |
| **VESTURLAND** | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN EFRA SKARÐI | EFRA SKARÐI | HVALFJARÐARSTRANDAHREPPI | 311, BORGARNESI | MAGNÚS ÓLAFSSON | 93-38917 |
| ELDISSTÖÐIN HVASSAFELLI | HVASSAFELLI | NORÐURÁRDALSHREPPUR | 311, BORGARNESI | GÍSLI ÞORSTEINSSON | 93-50044 |
| ELDISSTÖÐIN KVERNGRJÓTI | KVERNGRJÓTI | SAURBÆJARHREPPI | 371, BÚÐARDAL | HÖRÐUR GUÐMUNDSSON | 93-41514 |
| ELDISSTÖÐIN MIÐHRAUNI | MIÐHRAUNI IV | MIKLAHOLTSHREPPI | 311, BORGARNESI | SIGURÐUR HREINSSON | 93-56786 |
| ELDISSTÖÐIN SYÐRI-KNARRARTUNGU | SYÐRI-KNARRARTUNGU | BREIÐUVÍKURHREPPI | 311, BORGARNESI | GUNNAR KOLBEINSSON | 93-56746 |
| ELDISSTÖÐIN ÞVERFELLI | ÞVERFELLI II | LUNDARREYKJADALSHREPPI | 311, BORGARNESI | RÚNAR HÁLFDÁNARSSON | 93-51400 |
| ELDISSTÖÐIN ÖXL | ÖXL | BREYÐUVÍKURHREPPI | 311, BORGARNESI | REIMAR KARLSSON | 93-56748 |
| FISKELDISSTÖÐIN AUÐLINDIN | HRÚTSHOLTI | EYJAHREPPI | 311, BORGARNESI | MAGNÚS GUÐJÓNSSON | 93-56660 |
| FISKELDISSTÖÐIN HÚSAFELLI | HÚSAFELLI | HÁLSASVEIT | 311, BORGARNESI | BERGÞÓR KRISTLEIFSSON | 93-51454 |
| FISKRÆKTARSTÖÐIN LAXEYRI | LAXEYRI | HÁLSAHREPPI | 311, BORGARNESI | SIGURÐUR EINARSSON | 93-51380 |
| HAFBEITARSTÖÐ VIÐ KIRKJUFELL | KIRKJUFELLSÁ | EYRARSVEIT | 350, GRUNDARFIRÐI | GUNNAR MAGNÚSSON | 93-86742 |
| HAFBEITARSTÖÐIN LÁTRAVÍK HF | LÁTRAVÍK, LÁRÓSI | EYRARSVEIT | 350, GRUNDARFIRÐI | JÓN KR. SVEINSSON | 93-86877 |
| HAFBEITARSTÖÐ SILFURLAX HF | HRAUNSFIRÐI | EYRARSVEIT | 350, SNÆFELLSNESI | SNORRI JÓSEFSSONN | 985-21579 |
| KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI | FOSSATÚNI | ANDAKÍLSHREPPI | 311, BORGARNESI | STURLA GUÐBJARNARSON | 93-51243 |
| LIND | YTRA FAGRADAL | SKARÐSHREPPI | 371, BÚÐARDAL | STEINÓLFUR LÁRUSSON | 93-41558 |
| SEIÐAELDISSTÖÐ AÐ MAGNÚSARSKÓGUM | MAGNÚSARSKÓGUM III | HVAMMSHREPPI | 371, BÚÐARDAL | HALLDÓR GUÐMUNDSSON | 93-41259 |
| **VESTFIRÐIR** | | | | | |
| ELDISSTÖÐIN DRANGSNESI | ÁSMUNDARNESI | KALDRANANESHREPPI | 520, DRANGSNESI | GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON | 95-13218 |
| ELDISSTÖÐIN HÖFÐI | BÚÐEYRI | TÁLKNAFJARÐARHREPPI | 450, PATREKSFIRÐI | BÁRÐUR ÁRNASON | 94-1336 |
| NAUTEYRI HF | NAUTEYRI II | REYKJAFJARÐARHREPPI | 401, ÍSAFIRÐI | JÓN Þ. HJARTARSON | 94-4871 |
| SVEINSEYRARLAX | SVEINSEYRI | TÁLKNAFJARÐARHREPPI | 460, TÁLKNAFIRÐI | JÓN BEK | 94-2638 |
| ÞÓRSLAX HF | GILSEYRI | TÁLKNAFJARÐARHREPPI | 460, TÁLKNAFIRÐI | MAGNÚS KR.GUÐMUNDSSON | 94-2523 |

| ELDISSTÖÐ | STAÐSETNING | HREPPUR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | STÖÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|
| NORÐURLAND VESTRA | | | | | |
| DÝHÓLL | BLÖNDUÓSI | | 540, BLÖNDUÓSI | SIGURÐUR ÞORSTEINSSON | 95-24192 |
| HÓLALAX HF | HÓLUM | HÓLAHREPPI | 551, SAUÐÁRKRÓKI | ÓLAFUR E. GUÐMUNDSSON | 95-36603 |
| MIKLILAX HF | LAMBANESREYKJUM | HOLTSHREPPI | 570, FLJÓTUM | MARGRÉT ALFREÐSDÓTTIR | 96-71072 |
| NORÐURLAND EYSTRA | | | | | |
| VÍKURLAX HF | YSTU VÍK | GRÍTUBAKKAHREPPI | 601, AKUREYRI | GUNNAR BLÖNDAL | 96-27317 |
| FISKELDI EYJAFJARÐAR HF | HJALTEYRI | ARNARNESHREPPI | 602, AKUREYRI | ARNAR JÓNSSON | 96-27489 |
| FISKELDISSTÖÐIN HLÍÐ | HLÍÐ | | 625, ÓLAFSFIRÐI | GUNNAR L. JÓHANNSSON | 96-62461 |
| KLAKSTÖÐIN HF | HÚSAVÍK | /71 | 640, HÚSAVÍK | ÞORVALDUR VESTMANN | 96-41056 |
| NORÐURLAX HF | LAXAMÝRI | REYKJAHREPPI | 641, HÚSAVÍK | JÓN H. BJÖRNSSON | 96-41770 |
| LAXÓS HF | GARÐI I | | 625, ÓLAFSFIRÐI | SIGURÐUR STEFÁNSSON | 96-62570 |
| RIFÓS HF | LÓNI,KELDUHVERFI | KELDUNESHREPPI/101 | 640, HÚSAVÍK | GUÐMUNDUR HÉÐINSSON | 96-52190 |
| SILFURSTJARNAN HF | SANDFELLSHAGA II | ÖXARFJARÐARHREPPI | 671, KÓPASKERI | ROBERT BOULFER | 96-52319 |
| STRAUMFISKUR | TEIGI | EYJAFJARÐARSVEIT | 601, AKUREYRI | STEFÁN ÞÓRÐARSON | 96-31126 |
| SVARTHAMAR HF | HAUKAKMÝRARGILI | | 640, HÚSAVÍK | SVEINBJÖRN MAGNÚSSON | 96-41480 |
| AUSTURLAND | | | | | |
| AUSTFIRÐINGUR HF | SMIÐJUSTÍG 1 | ESKIFIRÐI | 735, ESKIFIRÐI | SIGTRYGGUR HREGGVIÐSSON | 97-61476 |
| ELDISSTÖÐIN ORMSTÖÐUM | ORMSTAÐIR | EIÐAHREPPI | 701, EGILSSTAÐIR | ÁSMUNDUR ÞÓRHALLSSON | 97-13853 |
| ELDISSTÖÐIN SELDAL | SELDAL | NORÐFJARÐARHREPPI | 740, NESKAUPSSTAÐ | STEFANÍA G. GÍSLADÓTTIR | 97-71494 |
| ELDISSTÖÐIN ÞRÁNDARSTÖÐUM | ÞRÁNDARSTÖÐUM | EIÐAHREPPI | 701, EGILSSTAÐIR | STEFÁN JÓHANNSSON | 97-13846 |
| GRJÓTFISKUR | BRÚ | JÖKULDALSHREPPI | 701, EGILSSTAÐIR | ANNA HALLDÓRSDÓTTIR | 97-11069 |
| STRANDARLAX HF | STRANDARVEG 29-33 | SEYÐISFJARÐARHREPPI | 710, SEYÐISFIRÐI | SIGFINNUR MIKAELSSON | 97-21169 |
| SUÐURLAND | | | | | |
| DYRHÓLALAX | ÞÓRISHOLTI | MÝRDALSHREPPI | 871, VÍK | GUÐNI EINARSSON | 98-71220 |
| ELDISSTÖÐIN KRÓKI HF | KRÓKI | ÁSAHREPPI | 851, HELLU | ÁRNI JÓNSSON | 98-75946 |
| ELDISSTÖÐIN FLJÓTAKRÓKI | FLJÓTAKRÓKI | SKAFTÁRHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTRI | HÁVARÐUR ÓLAFSSON | 98-74722 |
| ELDISSTÖÐIN NÝJABÆ | NÝJABÆ | SKAFTÁRHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTRI | BIRGIR ÞÓRISSON | 98-74609 |
| ELDISSTÖÐIN ÚTHLÍÐ | ÚTHLÍÐ | SKAFTÁRHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKLAUSTRI | VALUR ODDSTEINSSON | 98-71363 |
| ELDISSTÖÐIN VÍK Í MÝRDAL | BAKKABRAUT 14 | HVAMMSHREPPI | 870, VÍK Í MÝRDAL | ÞÓRIR KJARTANSSON | 98-71250 |
| FAGRADALSBLEIKJA | FAGRADAL | MÝRDALSHREPPI | 870, VÍK Í MÝRDAL | JÓNAS ERLENDSSON | 98-71105 |
| FISKALÓN | ÞÓRODDSSTÖÐUM | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSSI | HOYBYE CHRISTENSEN | 98-34682 |
| FISKELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA | FELLSMÚLA | LANDMANNAHREPPI | 851, HELLU | ÞRÖSTUR ELLIÐASON | 98-76518 |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI | TUNGUFELLI | HRUNAMANNAHREPPI | 801, SELFOSSI | SVANUR H. EINARSSON | 98-66723 |
| FISKELDISSTÖÐIN TUNGU | YTRI TUNGU | KIRKJUBÆJARHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKL. | JÓN K. JÓNSSON | 98-74885 |
| HALLKELSHÓLAR - (SILFURLAX) | HALLKELSHÓLUM II | GRÍMSNESHREPPI | 801, SELFOSSI | BJÖRN SNORRASON | 98-64464 |
| KLAKHÚSIÐ LAUGABÖKKUM | SELFOSSI I | ÖLFUSHREPPI | 800, SELFOSSI | GUNNAR GUNNARSSON | 98-21000 |
| KLAKHÚSIÐ YTRA-HRAUNI | YTRA-HRAUNI | KIRKJUBÆJARHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKL. | ARNAR SIGURÐSSON | 98-74709 |
| KLAKHÚSIÐ ÞURÁ | ÞURÁ | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSSI | ÞORLÁKUR KOLBEINSSON | 98-34513 |
| FISKELDISSTÖÐIN ÞYKKVABÆ | ÞYKKVABÆ III | KIRKJUBÆJARHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKL. | SKÚLI JÓNSSON | 98-74706 |
| LAUGARLAX | EYJARLANDI | LAUGARDALSHREPPI | 801, SELFOSSI | HELGI GUÐMUNDSSON | 98-61233 |
| LÆKUR HF - (SILFURLAX) | LÆK | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSSI | SNORRI JÓSEFSSON | 98-34757 |
| SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM | SPÓASTÖÐUM | BISKUPSTUNGNAHREPPI | 801, SELFOSSI | ÞORFINNUR ÞÓRARINSSON | 98-68863 |
| SILFURLAX AÐ LAUGUM HF | LAUGUM/LANDSSVEIT | LANDMANNAHREPPI | 851, HELLU | BRYNJÓLFUR TEITSSON | 98-76517 |
| SILFURLAX HF (NÚPUM III) | NÚPUM III | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSSI | JÓHANNES SIGURÐSSON | 98-34720 |
| ÖXNALÆKUR - (SILFURSTJARNAN) | ÖXNALÆK | ÖLFUSHREPPI/29 | 800, HVERAGERÐI | STEFÁN ÓLAFSSON | 98-34464 |